

skilríkum mönnum tilkvöddum. Getur enginn skorazt undan slíkri rannsókn, 5. ágúst, sem til þess er fær, og ber að gjöra það ókeypis, ef það tekur ekki upp yfir 2 klukkustundir, ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir, eptir úrskurði sýslumanns, ef á greinir; en aðgang eiga rekstrarmenn að fjáreigendum með borgun, ef þeim hefir ekki sjálfum verið um að kenna.

24. grein.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið fje annara í rekstur heimildarlaus, skal hann bæta það eigandanum að fullu, eptir samkomulagi eða eptir mati óvilhallra manna, er sýslumaður nefnir til, ef með þarf. Sannist það að slíkt hafi verið gjört af skeytingarleysi, varðar það að auki sektum, 1—5 kr. fyrir hverja kind, sem þannig er tekin, er gangi í sveitarsjóð þess hrepps, er land á þar, sem brotið er framið, nema því að eins að brotið heyri undir almenn hegningarlög.

25. grein.

Þar sem upphæð sektar er eigi ákveðin við einstakar greinir í reglugjörð þessari, varðar brot gegn henni 1—200 kr. Uppljóstrarmaður eða uppljóstrarmenn fá helming sektar, en helmingur rennur í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

26. grein.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

27. grein.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafje o. fl. í Kjósar- og Gullbringu-sýslu frá 8. des 1896.

Amtsråd Suðuramtsins, Reykjavík, 5. ágúst 1902.

J. Havsteen.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Jóns Sigurðssonar legats 1901.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. á.:			
a. Í fasteignum	kr.	12,490	00
b. Í vedskuldabryfum	—	22,823	19
c. Í sparisjóði Norðuramtsins	—	42	00
d. Í peningum	—	1,239	28
			kr. 36,594 47
2. Vextir:			
a. Af leigufje sjóðsins frá $11/6$ '00 til $11/6$ '01	kr.	885	93
b. Frá ýmsum tímum	—	4	22
c. Af inneign í sparisjóði	—	17	69
			kr. 907 84
3. Jarðarafgjöld:			
a. Landskuldir í fardögum 1901, 1195 $1/2$ af á $0/48$ kr.		573	84
	Fl. kr.	573	84
			kr. 37,502 31

	Fl. kr.	573 84	kr. 37,502 31
b. Leigur á Mikaelsmessu 1900, 415 al. á $\frac{0}{48}$.	—	199 20	
c. Lóðargjald 1901—1902	—	5 00	
d. Landshluttur af síld	—	240 24	kr. 1,018 28
4. Endurborgað lán		—	676 34
5. Óborgaðir vextir 11. júní 1901		—	27 00
6. Til jafnaðar við gjaldlið 5.		—	900 00
			<u>kr. 40,123 93</u>

Gjöld:

1. Hlutdeild Kristsness í Staðarbyggðarláni	kr.	32 00
2. Umboðslaun $\frac{1}{6}$ af jarðarafgjöldum	—	169 71
3. Fyrir útmæling lóðar	—	2 00
4. Kostnaður við áreið o. fl.	—	75 88
5. Lagt í sparisjóð	—	900 00
6. Til jafnaðar við tekjul. IV.	—	676 34
7. Sjóður við árslok:		
a. Í fasteignum	kr.	12,490 00
b. - veðskuldabryfum	—	22,146 85
c. - sparisjóði Norðuramtsins	—	959 69
d. - peningum	—	2,644 46
e. Ogreiddir vextir 11. júní 1901	—	27 00
		<u>— 38,268 00</u>
		<u>Kr. 40,123 93</u>

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, Akureyri, 24. marz 1902.

Páll Briem. Jónas Jónasson.

Embættaveitingar, skipun og lausn.

a. Lausn.

9. ágúst var prestinum að Arnarbæli í Ölfusi, sjera Olafi Ólafssyni, allramildlegast veitt lausn frá prestsembætti hans, frá fardögum 1903, með eftirlaunum eftir lögum.

b. Skipun.

7. ágúst var Jón hreppstjóri Jónsson af landshöfðingja skipaður póstafréiðslumaður á Vopnafirði.

14. s. m. var settum hjeraðslækni Oddi Jónssyni af landshöfðingja veitt hjeraðslæknisembættið í Reykhólahjæraði frá 1. septbr. 1902 að telja.

25. s. m. var aðstoðarpresti Jónmundi Júlíusi Halldórssyni af landshöfðingja veitt Barðsprestakall í Skagafjarðarprófastsdæmi frá fardögum 1902 að telja.

Laus prestaköll.

Arnarbæli í Árnassprófastsdæmi (Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir).

Uppgjafaprestur er í brauðinu, sem nýtur eptirlauna af því eptir lögum (væntanl. 230 kr. á ári); sömuleiðis 2 prestsekkjur, og nýtur önnur þeirra eptirlauna af brauðinu, nál. 150 kr. á ári. Ennfremur hvílir á því lán til húsbýggingar, tekið 1897, upprunalega 3000 kr., sem afborgast með 150 kr. á 20 árum, auk vaxta. Stj.tíð. 1897 B. bls. 208).

Metið 2022 kr. 83 a.

Auglýst 9. september 1902.

Umsóknarfrestur til októberloka s. á.

Veitist frá fardögum 1903.